Nr. 7.
3. júní.

# Tilskipun

um

## að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til ýmsra brezkra nýlendna.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að þeim, sem reka á Íslandi verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í brezku nýlendunum: Kanada, Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Kap, Natal, Bahamaeyjunum, Barbados, Ceylon, Grenada, Hongkong, Jamaica, Malta, Saint-Vincent, Trinidad og Leewardeyjunum eins og þegnunum í þeim löndum, þá viljum Vjer hjer með samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er í 15. gr. laga um vörumerki 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir, að þeir, sem reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu í hinum framangreindu brezku nýlendum, skuli verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem tjeð lög heimila, aðnjótandi með sömu skilyrðum og sett eru í tilskipun 20. júlí 1907 með tilliti til Bretlands hins mikla og Írlands.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Fredensborg, 3. júní 1909.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jónsson.***

Nr. 7. Tilskipun 3. júní um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til ýmsra brezkra nýlendna.

# Anordning

hvorved

## den i Loven af 13de Novbr. 1903 hjemlede Beskyttelse for Varemærker gøres anvendelig i Forhold til forskellige britiske Kolonier.

Nr. 7.
3.
Juni.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* At da der er sikret dem, som i Island drive Fabriks- eller Haandværksvirksomhed, Jordbrug, Bjærgværk, Handel eller anden Næring samme Adgang til Beskyttelse for Varemærker i de britiske Kolonier: Canada, Australien, New Zealand, Kap, Natal, Bahamaøerne, Barbados, Ceylon, Grenada, Hongkong, Jamaica, Malta, Saint-Vincent, Trinidad og Leeward Islands som disses egne Undersaatter, saa ville Vi i Henhold til den Bemyndigelse, som dertil er givet ved Lov om Varemærker af 13de Novbr. 1903 § 15 herved have anordnet, at den Beskyttelse for Varemærker, som nysnævnte Lov hjemler, skal ogsaa blive dem til Del, der i de fornævnte britiske Kolonier drive Fabriks- eller Haandværksvirksomhed, Jordbrug, Bjærgværk, Handel eller anden Næring, under samme Betingelser som i Anordning af 20de Juli 1907 ere fastsatte i Forhold til Storbritannien og Irland.

Denne Anordning træder straks i Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Fredensborg, den 3die Juni 1909.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jonsson.***